

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 30. desember 2022
Kl. 09:00-11:00 í Grímsstofu UTN og á Teams

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka – Rauði krossinn á Íslandi (Teams), Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Erna Bjarnadóttir, Miðflokki, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins (Teams), Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka – Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins – Alþýðusamband Íslands, Jakob Frímagn Magnússon, Flokki fólksins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka - ABC barnahjálp, Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka – SOS barnþorpum, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins – GRÓ-LRT Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka - UN Women á Íslandi (Teams), Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki (Teams) og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni.

Halldór Benjamín Þorbergsson, fulltrúi atvinnulífsins – Samtök atvinnulífsins og Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín Rósa Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu og Erla Hlín Hjálmarsdóttir, skrifstofustjóri innri málefna og eftirlits.

Hluta fundarins sátu að auki: Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Sara Ögmundsdóttir, deildarstjóri fjármála og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (kl. 09:08)

Formaður bauð fundargesti velkomna, fór yfir dagskrá fundarinnar og opnaði fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Úttektir (kl. 09:10)

Erla Hlín Hjálmarsdóttir, skrifstofustjóri innri málefna og eftirlits utanríkisráðuneytisins, fór yfir úttektir sem gerðar hafa verið á sviði þróunarsamvinnu á árinu sem er að líða og úttektaráætlun fyrir árið 2023. Lagði hún sérstaka áherslu á tvær úttektir sem lauk á árinu, annars vegar lokaúttekt á byggðapróunarverkefni í Úganda og hins vegar á samstarfi við aðila atvinnulífsins.

Lokaúttekt á byggðapróunarverkefni í Buikwe héraði í Úganda lauk á árinu en verkefnatímminn var frá árinu 2018 til ársins 2022. Heilt yfir gekk verkefnið vel og töldu úttektaraðilar tilætluðum árangri hefði náðst. Lagt var upp með að bæta lífsgæði íbúa í 20 sjávarþorpum í héraðinu. Verkefnið skiptist í tvær meginstöðir, samvinnu á sviði menntamála og á sviði vatns- og hreinlætismála.

Af afurðum menntastöðarinnar er helst hægt að nefna að byggðir voru 87 skólar en auk þess voru gerðar viðbyggingar og endurbætur á fjölmörgum skólum. Þá var 24.000 skólabókum komið til nemenda í héraðinu. Vatns- og hreinlætisverkefnið tryggði um 26.000 manns aðgengi að heilnæmu vatni. Árið 2015 höfðu um 32% heimila á svæðinu aðgang að heilnæmu vatni innan við einn kílómetra frá heimili sínu en það hlutfall er nú komið upp í 83%.

Ýmsar áskoranir tengdar COVID-19 faraldrinum höfðu áhrif á verkefnið og var skólum í Úganda lokað í hartnær 2 ár á meðan á verkefnatímanum stóð. Þá lögðu úttektarðilar áherslu á mikilvægi þess að fræðslu um hreinlætismál sé sinnt til þess að hægt sé að koma í veg fyrir niðurgangspesitir og sjúkdóma. Niðurstöður úttektarinnar er hægt að finna á [heimasíðu ráðuneytisins](#).

Úttekt á samstarfi við aðila atvinnulífsins lauk nýverið og voru niðurstöður úttektarinnar almennt jákvæðar. Samstarf utanríkisráðuneytisins við aðila atvinnulífsins byggist á fjórum stöðum en þær eru heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins, ráðgjafalistar, Þróunarfræ og Heimstorgið.

Fyrirtæki geta sótt um styrki í heimsmarkmiðasjóð atvinnulífsins vegna samstarfsverkefna sem framkvæmd eru í smáeyþróunar-, lágtekju- og lágmillitekjuríkjum skv. skilgreiningu OECD DAC. Sjóðurinn hefur verið starfræktur frá árinu 2019 og á þeim tíma hafa 24 fyrirtæki hlotið styrk úr sjóðnum. Alþjóðastofnanir geta óskað eftir faglegri ráðgjöf og tæknilegri aðstoð frá þeim ráðgjöfum sem skráðir eru á ráðgjafalistana. Eftirspurn eftir ráðgjöfum og eðli verkefna ræðst af þeim alþjóðastofnunum sem Ísland á í samstarfi við en verkefnið eru tengd þróunarsamvinnu. Tækniþróunarsjóður heldur utan um Þróunarfræ en í þann sjóð geta frumkvöðlar og nýsköpunarfyrirtæki sótt um forkönnunarstyrki vegna verkefna á sviði þróunarsamvinnu. Heimstorgið er upplýsinga- og samskiptagátt sem ætlað er að aðstoða íslensk fyrirtæki sem hafa áhuga á því að leita viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum. Íslandsstofa hefur séð um rekstur Heimstorgsins.

Helstu niðurstöður úttektarinnar eru þær að lagt er til að heimsmarkmiðasjóðurinn haldi áfram. Töldu úttektaraðilar að tilætluðum árangri hefði verið náð með stofnun sjóðsins en sá árangur fólst fyrst og fremst í því að efla samstarf ráðuneytisins við atvinnulífið. Þá var einnig lagt til að Ísland tæki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og að samningur um Heimstorgið væri tekinn til endurskoðunar. Hægt er að lesa skýrsluna í heild sinni á [heimasíðu ráðuneytisins](#).

3. Fjármál þróunarsamvinnu (kl. 10:07)

Sara Ögmundsdóttir, deildarstjóri fjármála hjá utanríkisráðuneytinu fór yfir fjármál þróunarsamvinnu. Heildarframlag Íslands til þróunarsamvinnu árið 2021 var 0,28% af vergum þjóðartekjum (VPT) en það hlutfall verður líklegast um 0,35% fyrir árið 2022. Vegna ástandsins í heiminum hefur orðið mikil aukning á framlögum vegna mannúðar- og neyðaraðstoðar en þar er t.d. hægt að nefna stóraukin framlög vegna innrásar Rússa í Úkraínu.

Síðustu ár hafa framlög til þróunarsamvinnu hækkað jafnt og þétt. Síðastliðið ár hefur t.a.m. orðið aukning í framlögum til félagasamtaka en fyrr á árinu voru gerðir rammameningar við fern íslensk félagasamtök. Þá er verið að undirbúa opnun sendiskrifstofu í Síerra Leóne auk þess sem nýju byggðapróunarverkefni í nýju samstarfshéraði í Malaví var hleypt af stokkunum. Kjarnaframlög til áherslustofnana hafa einnig hækkað auk þess sem lögð hefur verið aukin áhersla á loftslagsmál í takt við áherslur ríkisstjórnarinnar.

Á vefsíðunni www.openaid.is er hægt að nálgast upplýsingar um það fjármagn sem Ísland veitir til þróunarsamvinnu. Þar er t.d. hægt að skoða kostnað eftir löndum, verkefnum, samstarfsstofnunum og geira.

4. Innlegg frá utanríkisráðherra (kl. 10:51)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, sagði frá nýlegum heimsóknum sínum til Úkraínu og Malaví. Ástandið í Úkraínu er slæmt og ljóst er að þörfin á aðstoð er mikil, ekki síst við uppbyggingu að stríði loknu. Sagði hún það vera ábyrgðarhlutverk Íslands sem eins ríkasta lands heims að aðstoða Úkraínu eins og hægt væri. Ráðuneytið hefur fengið aukin framlög vegna Úkraínu, bæði vegna verkefna á sviði mannúðaraðstoðar sem og varnarmála. Hún sagði ljóst að heimsmynd okkar væri breytt og að ástandið í heiminum í dag væri gríðarlega brothætt. Ferðin til Úkraínu hafi verið mjög upplýsandi en þar var hún í góðum hópi með ráðherrum frá Eystrasaltsríkjunum og Norðurlöndunum. Fann hún fyrir miklu þakklæti frá þeim íbúum Úkraínu sem hún hitti vegna stuðnings Íslands eftir að stríðið hófst.

Í byrjun desember heimsótti ráðherra Malaví og sagði hún ferðina hafa verið stórkostlega í alla staði. Þar fór hún í fjölmargar heimsóknir og sá verkefni sem Ísland hefur stutt með einum eða öðrum hætti. Þar er t.d. hægt að nefna heimsóknir í grunnskóla í samstarfshéraði Íslands, SOS Barnaþorp og skólamáltíðaverkefni Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem Ísland hefur stutt við í um tíu ár. Sagði hún bersýnilegt að það fjármagn sem Ísland hafi veitt í þróunarsamvinnu í Malaví hafi verið vel varið. Þrátt fyrir að það fjármagn sem Ísland veiti í þróunarsamvinnu sé minna samanborið við önnur stærri lönd getum við sannarlega verið stolt af þeim árangri sem hefur náðst. Sú aðferðafræði Íslands að notast við héraðsnálgun sé árangursrík og séu önnur lönd farin að horfa til þess að nota sömu aðferðafræði.

Fulltrúar ræddu um mikilvægi friðar- og öryggismála í heiminum í dag og áhrif ófriðar á þróunarsamvinnu og þá sérstaklega á fátækari ríki. Tryggja þurfi að það fé sem fari í verkefni tengd Úkraínu taki ekki af öðrum þróunarsamvinnuverkefnum. Hækka þurfi hlutfall af VPT sem veitt er til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu vegna ástandsins í heiminum í dag.

5. Önnur mál (kl. 11:38)

Formaður minnti fulltrúa á vinnufund nefndarinnar sem haldinn er 20. janúar og fór jafnframt yfir drög að dagskrá vinnufundarins.

Fundi slitið kl. 11:45.